

AUGLÝSING

um gildistöku ákvörðunar Flugmálastjórnar Íslands nr. 10/2007.

Flugmálastjórn Íslands hefur ákveðið með ákvörðun Flugmálastjórnar Íslands nr. 10/2007 að frá og með 1. nóvember 2007 skulu taka gildi breyting á reglum um aðgangsstýringu, akstur og umferð um Reykjavíkurlflugvöll, þess efnis að öll flugtök, landingar og loftakstur þyrlna á athafnasvæði Fluggarða á Reykjavíkurlflugvelli verði bönnuð. Til samræmis breytist ákvæði 20. gr. reglna um aðgangsstýringu, akstur og umferð um Reykjavíkurlflugvöll.

Með vísan til 1. og 5. mgr. 70. gr., sbr. 140. gr. laga nr. 60/1998 um loftferðir með síðari breytingum og reglugerðar um flugmálahandbók útgefna af Flugmálastjórn Íslands nr. 326/2000 er ákvörðun þessi birt í flugmálahandbók Flugmálastjórnar Íslands, 3. deild (Ákvarðanir Flugmálastjórnar Íslands).

Reykjavík, 1. nóvember 2007.

F.h. flugmálastjóra,

Einar Örn Héðinsson, framkvæmdastjóri flugöryggisviðs.

B-deild – Útgáfud.: 7. nóvember 2007